



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í Skálholtskirkju
21. júlí 2013**

Biskup Íslands
Biskupar
Heiðruðu hátíðargestir

Um myrkar aldir þegar hamfarir og drepsóttir þjökuðu þjóðina; fátæktin var erfðafylgja og vesöldin vöggugjöf, átti þessi smáþjóð í útnorðri að vísu sögur og ljóð, minningar um forna tíð, hið glæsta skeið þegar Þingvellir, Skálholt og Hólar voru tákn reisnar, menningar og mennta; í hugum fólksins háborgir landsins.

Í hundrað ár frá endurreisn Alþingis var vonin um aukinn rétt, sjálfstæðan sess, framfarir í krafti eigin ákvarðana, aflið sem mótaði sérhverja tíð, áfangana sem Fjölnir og Ný félagsrit lýstu við upphaf ferðar, uns Íslendingar voru á ný komnir til Þingvalla, fögnuðu lýðveldinu í úrhellinu, himnarnir grétu en gleðin var mikil.

Þá eins og áður beið Skálholt skammt undan, auðugt af sögu og minningum um höfuðból kirkju og kristni, en samt án þeirrar reisnar sem sæmdi frjálsri og fullvalda þjóð.

Vígsla Skálholtskirkju fyrir hálfri öld var á vissan hátt samofin hugsjónunum sem gerðu sjálfstæðið að sigurhátíð; vissulega þakkargjörð til hefðarseturs íslenskrar kristni en líka yfirlýsing nýfrjálsrar þjóðar að hún ætlaði að halda stolt til móts við nýja tíma.

Kynslóðin sem í blóma lífsins fagnaði lýðveldinu á Þingvöllum 1944 ákvað að hefja Skálholt að nýju til vegs og virðingar. Endurreisnin var vitnisburður um framtíðarsýn og söguskilning, samvinnun þjóðar og kirkju, heiðursvottur vegna framlags kirkjunnar til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga; þjóðar sem ákvað í einingarsálmi að hylla Guð vors lands.

Það er okkur kannski torvelt, nú á tímum, að skilja til hlítar hvílíkan stórhug þurfti til að ráðast í byggingu þessarar kirkju þegar þjóðin var enn meðal hinna fátækustu í álfunni; framfararskeiðið varla hafið; forræðið yfir fiskimiðunum afar takmarkað ; atvinnulífið einhæft; viðskiptabann nýleg reynsla.

Við slíkan kost, sem á okkar tíð væri talin ærið þröngur, var þjóðarvilji að vegleg skyldi hin nýja kirkja á Skálholtsstað; í senn sómi lýðveldis og þjóðkirkjunnar.

Skálholt varð á ný biskupssetur; kirkjan þjóðarprýði, staðurinn iðandi af starfi og listum; byggingin kveðja til okkar frá kynslóðinni sem tryggði lýðveldinu fullnaðarsigur; áminning um að sjálfstæðið er aldrei án fórna né fyrirhafnar.

Hátíðin hér í dag er því í ljósi alls þessa einnig lýðveldishátíð; þakkargjörð sem sameinar virðingu okkar fyrir þeim sem þjónuðu kristni og um leið baráttunni fyrir sjálfstæði; hátíð sem sýnir okkur enn á ný hve saga þjóðar og kirkju er samofin; um aldir og allt til okkar tíma; hvernig þræðir trúar og ættjarðarástar fléttast saman, hve ríkulega menning okkar og samfélagsvitund eiga sér rætur í þúsund ára sögu kristinnar á Skálholtsstað.

Á þessum tímamótum færi ég öllum sem þjónað hafa Skálholti, bæði vígðum og leikum, alúðarþakkir Íslendinga, þakkir fyrir að sýna í daglegri önn umhyggju og virðingu fyrir Skálholti, fyrir að auðga staðinn nýjum víddum, fjölþættri dagskrá tónlistar, samræðna og nýsköpunar; og fræða líka fjöldann sem hingað sækir á hverju ári.

Það er þjóð dýrmætt að eiga byggingar, áfangastaði, sem sameina ríkan skilning á sögunni og frjóa sýn á framtíðina.

Skálholt er okkur Íslendingum slíkur staður. Hér sameinast þjóð og kirkja á svo fjölþættan hátt að aldrei verður sundur slitið.

Það er í senn boðskapur fyrri alda og veganesti á okkar tíð.